

1870.

28. septbr.

86. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um lyfjaskrána 1869.

Til samlags við bréf stjórnarráðsins 30. apríl þ. á., sendum vèr yður (tit.) nokkur exemplör af lyfjaskránni 1869, og fyrsta viðbæti við hana; á hvorttveggja að koma til gildis frá 1. janúarm. 1871. Vèr mælumst þessvegna til, að þèr sendið lyfsölum og læknum þeim í suðurumdæminu (norður- og austurumdæminu, vesturumdæminu), sem sjálfir láta af hendi lækningameðöl, hverjum eitt exemplar, sitt af hvoru.

28. septbr.

87. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ótta fyrir hallæri í nokkrum austur-sveitum.

Í skýrslu nokkurri, sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað með brèfi 17. f. m., og skýrir frá umsjónarferð yðar um suðurumdæmið nú í sumar, hafið þèr látið í ljósi, að illa horfist á víða hvar í Vesturskaptafellssýslu og að nokkru leyti í Eyjafjallahrepp í Rangárvallasýslu, bæði sökum þess, að bændur hafi neyðzt til í harðindunum í fyrra að farga nokkru af þeim pening til viðurværis, sem nauðsynlegur er til búskapar, og af því, að illa hafi viðrað í sumar um heyskapartímann; ofan á þetta kemur, að of margir búa á einni og sömu jörðu, og eykur það mjög fátækt manna. Þareð það lítilræði, sem eptir er af gjafakorninu, — þó því muni væntanlega verða útbytt meðal íbúa í þessum sveitum — ekki mun nægja til þess að afstýra hallæri, hafið þèr, herra stiptamtmaður, borið upp, hvort stjórnarráðinu fyndist ekki ástæða til, að veita yður myndugleika til, eptir atvikum að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf.

Útaf þessu mælumst vèr til, herra stiptamtmaður, að ef nauðsyn ber til að gjöra sérstaklegar ráðstafanir til að afstýra hallæri í nefndum sveitum að vetri komanda, þá framkvæmið þèr allt það, sem með þarf í þessu máli, og veitum vèr yður myndug-